

## Úthlutun Samfélagssjóðs Fljótsdals 2023

Samfélagssjóður Fljótsdals er verkefnasjóður til stuðnings nýsköpunar, menningar og atvinnuskapandi verkefna í Fljótsdal. Samfélagssjóðurinn var stofnaður árið 2020 og þetta fjórða úthlutun sjóðsins. Alls bárust 21 umsókn þar sem heildarkostnaður var 108.788.523 kr. og sótt var um 29.950.970 kr. Sjóðurinn samþykktir styrkloforð alls 7.435.000 kr.

### Eftirfarandi aðilar hljóta styrk úr Samfélagssjóði Fljótsdals í júlí 2023:

75.000	<b>Leitin að gulli ormsins</b> Um er að ræða endurprentun á korti fyrir fjölskylduleikinn Leitin að gulli Ormsins. Árið 2020 stóðu Upphéraðsklasinn og Þjónustusamfélagið á Héraði fyrir gerð fjársjóðsleitar fyrir fjölskyldur á ferðalagi um Héraðið, Leitin að gulli ormsins, sem hefur verið spilaður hvert sumar síðan.	<b>Gunnarsstofnun fh. Upphéraðsklasa</b>
200.000	<b>Náttúruþel</b> Náttúruþel er ígrundunar- og samræðu stokkur, prýddur myndum, úr austfirskri náttúru, m.a. úr Fljótsdal. Stokkurinn samanstendur af 80 spurningum sem ætlað er að auka náttúrunúvitund, sjálfsþekkingu og umhverfisumhyggju. Stokkurinn nýtist vel við hverskonar útiveruupplifanir, sjálfsígrundun, í náttúrameðferð, í útikennslu eða hópavinnu í náttúrunni. Stokkurinn kom út í tilraunaútgáfu fyrir um tveimur árum síðan og nú stendur til að gefa stokkinn út að nýju, sníða hann enn betur til og þýða á ensku og þýsku og skapa þannig minjagrip um svæðið sem hefur víðtækt notkunargildi, hvetur til tengsla við náttúruna og virðingu fyrir þeim öflum sem þar er að finna.	<b>Hildur Bergsdóttir og Gunnar Gunnarsson</b>
250.000	<b>Sjálfvirk veðurstöð á Skriðuklaustri</b> Verkefnið snýr um hefja aftur veðurmælingar á Skriðuklaustri með sjálfvirkri veðurstöð sem hægt verður að streyma frá veðurfarsupplýsingum inn á gagnagrunna og vefsíður. Veðurstöð var á Skriðuklaustri frá 1952 til 1979 og veðurstöðvarturninn hvíti er enn til á Klaustri og verður endurreistur og nýttur fyrir stöðina.	<b>Gunnarsstofnun</b>
300.000	<b>Gangnamannasögur úr Fljótsdal</b> Verkefnið snýr að því að safna saman sögum af afréttum Fljótsdælinga síðustu áratugi. Markmiðið er að ræða við einstaklinga sem hafa farið oft í göngur sjálfir og/eða þekkja til sagna úr göngum og smalamenskum í Fljótsdal og gera aðgengilegar almenningi.	<b>Kjartan Glúmur Kjartansson</b>
400.000	<b>Fögur fortíð í Fljótsdal</b> Verkefnið er að hanna og gefa út bók sem unnin er upp úr ljósmyndasýningunni Fögur fortíð í Fljótsdal sem sýnd var sl. haust. Gert er ráð fyrir að texti bókarinnar sé einnig á ensku og er vinnuheiti hennar Fögur fortíð í Fljótsdal / A glimpse into Fljótsdalur's past.	<b>Arna Silja Jóhannsdóttir</b>

400.000	<p><b>Matarmót í Fljótsdal</b></p> <p>Matarmót er vettvangur fyrir matvælaframleiðendur á Austurlandi til þess að kynna vörur sínar fyrir veitinga- og söluaðilum matvæla, ásamt því að boðið er upp á fjölbreytta fyrirlestra sem tengjast viðfangsefninu. Þetta er í þriðja árið í röð sem Matarmót er haldið en fyrirvari um styrk er að það verði í ár haldið í Fljótsdal.</p>	Austfirskar krásir
400.000	<p><b>Endurnýjanleg orka til orkusparnaðar</b></p> <p>Verkefnið gengur út á að hanna, setja upp og prófa kerfi til eigin orkuframleiðslu við heimili eða sumarhús. Með breyttum hugsunarhætti og nýjum áskorunum í loftlagsmálum er nauðsynlegt að horfa til fjölbreyttari möguleikum til orkuframleiðslu, ekki síst þegar kemur að köldum svæðum.</p>	Gísli Örn Guðmundsson
460.000	<p><b>Vigfús Sigurðsson - listamaður frá Egilsstöðum í Fljótsdal</b></p> <p>Verkefnið snýst um að safna saman og hanna myndrænt rit sem gefa mun innsýn í listsköpun handverks- og listamannsins Vigfúsar Sigurðssonar (1880-1943) Vigfús skildi eftir sig mikið safn handrita, ljósmynda, teikninga, texta, nótna, fána og gripa. Með því að vinna úr þessum gögnum Vigfúsar má fá heildstæða yfirsýn um manninn, líf hans og list, ásamt því að koma á framfæri á sjónrænan hátt innsýn í hugarheim og sýn hans á Fljótsdal fyrir rúmri öld.</p>	Steingrímur Karlsson
500.000	<p><b>Fjölskyldu ævintýri í óbyggðum</b></p> <p>Um er að ræða námskeið á vegum Náttúruskólans í samstarfi við Óbyggðasetur og Lífheim. Fjölskylduævintýri er helgarnámskeið fyrir börn á aldrinum 8-12 ára og foreldra þeirra þar sem lagt er upp með að kynnast náttúrunni og stunda sjálfseflingu í gegnum náttúrutengda afþreyingu og hreyfingu, ásamt því að kynnast lífinu í óbyggðunum.</p>	Náttúruskólinn
500.000	<p><b>Aukin framleiðslugeta á vörum Köngla</b></p> <p>Verkefnið er að bæta vinnu við pökkun á vörum Köngla og auka framleiðslugetu. Fyrirhugað að kaupa miðavél til merkingar á vörum, dælu til átöppunar á kolsýrðum drykkjum, kolsýrukúta, tæki til skömmunar og nauðsynlegan aukabúnað, tengi, slöngur o.fl. Kaup á þessum tækjum leiða til tímasparnaðar, bæta vinnubrögð og minnka sóun við pökkun.</p>	Fljótsdalskönglar ehf
600.000	<p><b>Þróun krapsíróps úr íslenskum jurtum og skógarafurðum</b></p> <p>Verkefnið er að þróa síróp úr íslenskum jurtum og skógarafurðum, fyrir krapvél. Um er að ræða þróunarvinnu og kaup á krapvél fyrir þróun vöru. Síróp í þessum tilgangi þ.e. fyrir krapvél þarf að hafa ákveðna eiginleika sem þróunarvinnunni er ætlað</p>	Fljótsdalskönglar ehf

	að mæta. Aukaafurðir sem falla til við núverandi framleiðslu drykkjarvara Köngla munu nýtast í þessa nýju afurð sem leiðir til betri nýtingar á hráefnum og stuðlar að sjálfbærni.	
600.000	<b>Snæfellshlaupið</b> Verkefnið snýst um að koma á fót utanvegahlaupi í Fljótsdal sem yrði árlegur viðburður. Gert er ráð fyrir tveim hlaupaleiðum í kringum eða við Snæfell, aðra um 10 km og hina um 20 km að lengd. Leitast verður við að fá báðar brautir samþykktar af International Trail Running Association (ITRA), þannig að þátttakendur muni fá ITRA stig fyrir þátttöku sína.	Ingimar Jóhannsson
600.000	<b>Lerki torfhús</b> Verkefnið er smíði torfhúss úr lerki. Timburgrind hússins verður bindingsverk, veggir úr hlöðnu grjóti og torfi og gólf verður úr hellum af Fljótsdalsheiði. Verkinu er ætlað að draga fram gamlar hefðir og gert er ráð fyrir að handverki verði lýst í ljósmyndum og texta.	Jónas Bragi Hallgrímsson
650.000	<b>Sölusíða Skógarafurða</b> Verkefnið snýst um að endurbæta og uppfæra heimasíðu Skógarafuðra þannig að hún þjóni betur hlutverki sínu til markaðssetningar og sölu afurða félagsins. Meðal annars verða byggð inn í síðuna einföld reiknilíkön fyrir viðskiptavinum til að meta kostnað fyrir pöntun og einfalt pöntunarkerfi tengt við hana	Skógarafurðir ehf
700.000	<b>Stauravinnsla úr lerki</b> Verkefnið er kaup á öflugri búnaði til þess að bæta og efla vinnslu á girðingarstaurum úr íslensku lerki.	Hörður Guðmundsson
800.000	<b>Fljótsdalspeysan</b> Verkefnið er að standa fyrir því að hanna Fljótsdalspeysuna, lopapeysu þar sem helstu einkenni svæðisins fléttast saman í fallegu munstri. Áherslan verður lögð á sauðalitina þar sem sauðfjarrækt einkennir svæðið, en meðal annara einkenna sem horft verður til má nefna; skógrækt, lerki, greinitré, fura, hreindýr, gæsir, Hengifoss, Skriðuklaustur ofl.	Droplaug - Hið Fljótsdælzka handverksfélag